

S A M Þ Y K K T

59

7. júní

um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði.

1. gr.

Sölubúðum í Hafnarfirði skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. grein samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag, nema föstudaga, þá skal lokað eigi síðar en kl. 8 síðdegis. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis, og laugardaga fyrir páska og hvítasunnunni eigi síðar en kl. 6 síðdegis. Fjórdi og síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 12 á miðnætti.

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 e. h.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, er bæjarstjórninni heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli í lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en kl. 6 og kl. 8 síðdegis (föstud.) og opnaðar síðar en kl. 8 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar sölubúðir vera opnar. Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegi, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkurbúðum má halda opnum á almennum helgidögum sumardaginn fyrsta, fyrsta mánudag í ágústmánuði, 1. maí, 17. júní og 1. des. frá kl. 8 árdegis til kl. 1 síðdegis, eingöngu til sölu á brauðum, kökum, mjólk, rjóma og skyri. Þó er brauðabúðunum í brauðgerðarhúsunum sjálfum og brauða- og mjólkurbúð Mjólkurbús Hafnarfjarðar heimilt að hafa opið til kl. 4 síðdegis á sunnudögum og til kl. 4 síðdegis á laugardögum frá 15. maí til 14. sept., og aðra virka daga til kl. 7 síðdegis.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum eða annarsstaðar utan sölubúða, nema sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja samkvæmt verzlunarleyfi.

7. gr.

Vinnutími sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyrirtækjum eða skrifstofum í Hafnarfirði, skal eigi vera lengri á degi hverjum, en hér segir:

Fyrir sendisveina á aldrinum 12—14 ára, 7½ kl.st. á dag.

Fyrir sendisveina á aldrinum 14 ára og eldri, 9 kl.st. á dag.

59
7. júní

8. gr.

Útsending á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skal lokið eigi síðar en 1 klukkustund eftir lokunartíma sölubúðanna, verkstæðanna eða skrifstofanna, og daginn fyrir almenna fridaga eigi síðar en tveim klukkutímum eftir lokunartíma.

9. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðarskyni, eða til ágóða fyrir stofnanir eða fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfir til almenningsheilla.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

11. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og er jafnframt úr gildi numin samþykkt um lokunartíma sölubúða í Hafnarfjarðarkaupstað, staðfest af ráðuneytinu 27. maí 1935.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 17, 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júní 1937.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.

60
8. júní

SAMÞYKKT

um breyting á viðauka frá 31. júlí 1936 við samþykkt um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjum frá 12. apríl 1921.

1. gr.

2. og 3. málsgrein viðaukans orðist svo:
Brauð- og mjólkursölubúðir skulu vera opnar eins og hér segir:
Alla virka daga frá kl. 9 f. h. til kl. 7 e. h.
Sunnudaga frá kl. 9 f. h. til kl. 3 e. h.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17, 1. febrúar 1936 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1937.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.